



289. fundur framkvæmdastjórnar ÍSí verður haldinn í gegnum Teams fjarfundabúnað, þriðjudaginn 19. maí 2020 kl. 12:00.

Mætt á Teams: Lárus Blöndal forseti, Sigríður Jónsdóttir 1. varaforseti, Hafsteinn Pálsson 2. varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Ása Ólafsdóttir, Dominiqua Alma Belányi, Garðar Svansson, Ingi Þór Ágústsson, Knútur G. Hauksson, Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, Úlfur H. Hróbjartsson, Viðar Garðarsson, Þórey Edda Elísdóttir, Þráinn Hafsteinsson og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri ÍSí.

Mætt í fundarsal framkvæmdastjórnar í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal: Viðar Garðarsson, Þráinn Hafsteinsson, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri, Andri Stefánsson sviðsstjóri Afreks- og Ólympíusviðs ÍSí,

Dagskrá:

Forseti setti fund og stýrði honum.

1. Fjármálaupplýsingar

Gunnar Bragason gjaldkeri fór yfir þriggja mánaða uppgjör reksturs ÍSí.

Hann sagði ljóst að erfitt gæti reynst að afla sértekna og aukafjárframlaga til reksturs ÍSí næstu mánuði og ár í ljósi aðstæðna í kjölfar COVID-19 og í ljósi nýlegra samningsbundinna launahækkana þá stefndi í versnandi rekstrarskilyrði hjá sambandinu.

Í ljósi þess og með hliðsjón af því að engin stór alþjóðleg verkefni eru framundan á þessu ári og tími því rýmri en ella, lagði hann til að nýta næstu vikur og mánuði til að skoða vel alla þætti reksturs ÍSí með það í huga hvernig má hagræða í rekstri og skerpa línurnar til næstu ára án þess að skerða stefnu og hlutverk sambandsins. Gunnar lagði til að fenginn yrði utanaðkomandi rekstrarráðgjafi til að vinna með starfsfólki og stjórn að þessu verkefni.

Fundarmenn voru samþykki ofangreindri tillögu og var samþykkt að fara í þessa vinnu sem allra fyrst.

2. Ólympísk málefni

Þórey Edda Elísdóttir, formaður fagráðs Afreks- og Ólympíusviðs ÍSí fór yfir ólympísk málefni og helstu verkefni sviðsins.

Enn er mikil óvissa framundan og fá sem engin verkefni fyrir afreksíþróttafólk. Vetrarólympíuhátíð Evrópuæskunnar hefur verið frestað og ljóst er að ekkert verður af Smáþjóðaleikum í Andorra næsta ár. Staðan verður rædd á aðalfundi GSSE síðar í mánuðinum.

Heimsstrandarleikum ANOC hefur verið frestað til ársins 2023.

Afreks- og Ólympíusvið ÍSí vinnur að undirbúningi haustsins, með hliðsjón af því hvernig hægt sé að styðja starf sérsambandanna best, með íþróttafólkið í forgrunni.

3. Fagsvið ÍSí

Viðar Garðarsson formaður fagráðs Þróunar- og fræðslusviðs ÍSí fór yfir verkefni sviðsins. Unnið er að uppfærslu gátlista Fyrirmyndarfélaga og Fyrirmyndarhéraða með tilliti til persónuverndarlaga.

Niðurstöður úr Ánægjuvog R&G verða kynntar innan skamms og í kjölfarið verður unnið að birtingu íþróttavísa sem meðal annars verða unnir upp úr gögnum úr Felix. Verið er að skoða framsetningu þessara upplýsinga til sambandsaðila og almennings en um áhugavert og jákvætt efni er að ræða sem auðvelt ætti að vera að koma á framfæri í fjölmiðlum.

Verið er að leggja lokahönd á myndband um fundarsköp, sem unnið er af Gunnari Jónatanssyni ráðgjafa og verður því dreift til sambandsaðila á næstunni..

Endurskoðun þjálfaramenntunar miðar vel. Framtíðarskipulag fræðslu er einnig í skoðun en ljóst er að framtíðin felst í tæknilausnum.

Þráinn Hafsteinsson formaður fagráðs Almenningsíþróttasviðs ÍSí skýrði frá helstu verkefnum sviðsins.

Hjólað í vinnuna var sett 6. maí í viðurvist ráðherra og ráðamanna. Átakið hefur fengið góða umfjöllun í fjölmiðlum og hefur þátttakan ekki verið meiri síðan árið 2015. Verðlaunaafhending mun fara fram 29. maí nk.

Nýr bolur Sjóvá-Kvennahlaups ÍSí verður afhjúpaður 22. maí og verður viðburðinum streymt beint á Facebook. Framkvæmdin verður með óvenjulegum hætti í ár til að tryggja sóttvarnir. Bolasalan verður eingöngu í gegnum tix.is.

Undirbúningur fyrir Íþróttaviku Evrópu er hafinn en í ár verður áhersla lögð á samstarf við framhaldsskólana.

Norrænni ráðstefnu um fyrirtækjaíþróttir hefur verið frestað um eitt ár.

4. Málefni COVID-19

Forseti fór yfir stöðuna. ÍSí hefur verið í eldlínunni varðandi starfsemi íþróttafélaganna og að mörgu hefur verið að hyggja í þeim efnum.

Framkvæmdastjóri fór yfir þær aðgerðir sem ÍSí hefur gripið til.

Íþróttastarf barna og unglinga er komið í hefðbundinn farveg en von er á afléttingum stjórnvalda á næstu vikum er varða íþróttastarf fullorðinna.

Ástæða er til bjartsýni um framhaldið þar sem veiran virðist vera á hröðu undanhaldi.

5. Framlag ríkisins til íþróttahreyfingarinnar vegna COVID-19

Í gær voru greiddar tæpar 300 milljónir til íþrotta- og ungmennafélaga samkvæmt almennu aðgerðinni sem samþykkt var af hálfu stjórnar ÍSí og mennta- og menningarmálaráðuneytis. Sérþækar aðgerðir verða auglýstar innan skamms.

Fjárframlag ríkisins til íþróttahreyfingarinnar á þessum erfiðu tímum er afar mikilvægt og nauðsynlegt til að styðja við íþróttastarfið í landinu og það ber að þakka.

Forseti lagði áherslu á að framlag ríkisins er til að mæta áhrifum Covid-19.

Almennar umræður urðu um málið.

6. Umsókn ÍA um gæðavottunina Fyrirmyndarhérað ÍSí

10. júní afhending.

Umsóknin samþykkt.

7. Smáþjóðaleikar 2021

Forseti og framkvæmdastjóri skýrðu frá stöðu mála. Andorra hefur sagt sig frá framkvæmd leikanna og það mun ráðast á aðalfundi GSSE síðar í mánuðinum hvort að leikarnir 2021 muni fara fram og þá í hvaða formi.

Samþykkt að heimila skipan vinnuhóps til að endurskoða þátttöku í Smáþjóðaleikunum, ekki síst með tilliti til kostnaðar og fjölda þátttakenda. Áætlað er að skipa hópinn aðilum úr þeim sérsamböndum sem hafa átt flesta þátttakendurna í leikunum.

Almennar umræður urðu um málið.

8. Heiðranir

Samþykkt að heiðra eftirtalda einstaklinga á ársþingi HSÍ 10. júní nk., skv. tilnefningu frá HSÍ :

Einar Þorvarðarson – Gullmerki ÍSÍ

Vigfús Þorsteinsson – Gullmerki ÍSÍ

Á þinginu verður einnig afhent Gullmerki ÍSÍ til Þorbergs Aðalsteinssonar sem áður var búið að samþykkja en náðist ekki að afhenda á þeim tíma.

Forseti skýrði frá bréf sem hann, ásamt formanni UMFÍ og formanni Frjálsíþróttasambands Íslands, sendu til orðunefndar Fálkaorðunnar þar sem mælt var með Magnúsi Jakobssyni til fálkaorðunnar. Magnús hefur hlotið Heiðurskross ÍSÍ og unnið ómælt starf í þágu frjálsíþróttá á Íslandi, í fjölbreyttum embættum á öllum stigum hreyfingarinnar og í verkefnum á vegum ÍSÍ.

9. Fundargerðir:

Eftirtaldar fundargerðir lagðar fram og staðfestar:

- 288. fundur framkvæmdastjórnar
- 6., 7. og 8. fundur framkvæmdaráðs ÍSÍ
- Þróunar- og fræðsluvið ÍSÍ frá 13. maí 2020
- Afrekssjóður ÍSÍ frá 14. maí 2020 – **Samþykktar niðurfellingar á styrkjum til níu sérsambanda, samtals að upphæð kr. 4.100.525,-, skv. fundargerð.**
- Verkefnasjóður frá 18. maí 2020 – **Samþykkt leiðrétting á áður samþykkttri afskrift, skv. fundargerð.**
- Laganefnd frá 12. maí 2020. **Afgreiðsla nefndarinnar á breytingum á lögum HRÍ, skv. fundargerð, samþykkt.**

10. Viðburðir framundan

Farið yfir viðburði sem framundan eru og til lengri tíma litið.

11. Næstu fundir

Næsti fundur verður haldinn miðvikudaginn 3. júní kl. 16:00.

12. Önnur mál

Aðalfundur Getspár

Forseti skýrði frá aðalfundi Íslenskrar getspár sem haldinn var 13. maí sl. Rekstur fyrirtækisins gengur vel. Forseti ítrekaði nauðsyn þess að standa vörð um rekstur Getspár og Getrauna.

Andlát Hallgríms Þorsteinssonar

Framkvæmdastjóri ÍSÍ skýrði frá andláti Hallgríms Þorsteinssonar sem var endurskoðandi hjá ÍSÍ frá 1997 - 2015. Heiðursfáni ÍSÍ mun standa uppi við útförina og fjölskyldunni hefur verið send samúðarskreyting.

Árþing sambandsaðila

Framkvæmdastjóri minnti fundarmenn á yfirlit yfir árþing sambandsaðila og hvattir til að skrá sig til þátttöku. Forseti sagði það ánægjulegt að sjá hversu mörg þing hafa verið dagsett næstu vikurnar og að starf sambandsaðila sé að komast í eðlilegt horf.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari